



FRÉTTABRÉF

ÍSLENSK ÆTTLEIÐING

Apríl 1995

Fréttir frá skrifstofu

Heil og sæl

Á árinu eru komin 3 börn frá Indlandi. Íslenskir foreldrar eiga auk þess þrjú börn í Calcutta sem verða sótt með vorinu, og upplýsingar um fleiri börn eru væntanlegar á næstunni. Chandana Bose hefur nú fengið starfsleyfið sitt endurnýjað og gildir það til apríl 1997.

Frá Thailandi er væntanlegur myndarlegur strákur á næstunni.

Biðlisti hefur styst mjög, þeir sem sækja um ættleiðingu í Thailandi eða Colombíu geta strax hafið vinnu við umsókn. Einnig þeir sem vilja sækja um í Rússlandi, en með þeim fyrirvara að einhver biðstaða er í Moskvu meðan beiðið er breytinga á ættleiðingarlögum þar. Umsóknir sem lagðar voru inn á síðasta ári gilda enn.

Vaðandi umsóknir til Vietnam þá hafa ekki borist skrifleg svör þaðan. Í símtölum segja þeir pappira okkar fullnægjandi en vegna þess að félagið hefur ekki starfsmann eða tengilið í Vietnam þá skeður ekkert. Við báðum stærstu ættleiðingarsamtök í Svíþjóð um aðstoð, en fengum snubbótt svör. Þeir geta gefið okkur almennar upplýsingar en ekkert

sem yrði til þess að íslenskir kjöforeldrar fengu börn sem sænskir umsækjendur fengu annars. Þetta kom okkur ekki á óvart, því við höfum áður rekið okkur á að norræn samvinna nær ákveðið langt, og ekki lengra. Hins vegar hafa félög á Norðurlöndunum langa reynslu sem við getum lært mikið af, og stjórnin hefur því fullan hug á að halda góðu sambandi við norrænu félögin, ásamt áframhaldandi þátttöku í Euradopt - samtökum ættleiðingarfélaga í Evrópu.

Lögfræðingur dómsmálaráðuneytisins, Margrét Hauksdóttir, hitti hluta stjórnarinnar um miðjan mars. Fundurinn var ánægjulegur, og gott að finna hversu sammála við vorum um ýmis atriði sem lúta að ættleiðingunum. Sameiginlegt markmið okkar sem vinnum við ættleiðingar er að finna barni góða fjölskyldu og tryggja hag barnsins sem best. Það er mikilvægt að skiptast á skoðunum og kynnst stefnu stjórnvalda, og treystum við því að samstarf verði gott áfram. Frumvarpi sífjallaganefndar um ættleiðingar miðar hægt, en það mun fjalla um flestar hliðar ættleiðinga, m.a. hverjir fá leyfi til ættleiðingar og um væntalega löggildingu félagsins.

Skrifstofan

Skrifstofan er opin á miðvikudögum og föstudögum kl. 10-12 f.h. en fólk er bent á að panta sér tíma ef það getur ekki komið þegar opið er.

Sími 551 4280 - Fax 562 4910

Árgjald 1995

Með fréttabréfinu er sendur giróseðill vegna árgjalds 1995. Við vonum að flestir sjái sér fært að greiða hið fyrsta. Einnig viljum við biðja félagsmenn að athuga giróseðil fyrra árs, því margir virðast hafa gleymt honum.